



Reykjavík, 4. nóvember 2019

Nefndasvið Alþingis

b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Austurstræti 8–10

101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla um 16. mál, frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Hinn 27. september sl. barst Samtökum sjálfstæðra skóla (hér eftir nefnd SSSK) beiðni um umsögn um frumvarp Þorgerðar K. Gunnarsdóttur o.fl. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla). Frestur til að skila umsögn var veittur til og með 18. október. Því miður tókst SSSK ekki að standa við skil innan frestsins og biðjast samtökin velvirðingar á hve seint umsögnin berst allsherjar- og menntamálanefnd.

Tilgangur frumvarpsins er að jafna stöðu foreldra óháð því hvort þeir sendi börn sín í sjálfstætt rekinn grunnskóla eða grunnskóla sem rekinn er af sveitarfélagi. Í tillögu að 1. gr. frumvarpsins felst að framangreindum tilgangi verði náð með því að hækka lágmarksviðmið framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla úr 75% í 90% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda. Að sama skapi er lagt til að lágmarksframlag til skóla fyrir hvern nemanda umfram 200 nemendur verði 85% í stað 70% sem nú er.


Þá meginreglu leiðir af 2. mgr. 43. gr. laga nr. 91/2008 að innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla er háð frjálsum vali foreldra, fyrir hönd barna sinna. Um þessar mundir eru tíu slíkir skólar starfandi á Íslandi og allir byggja þeir starfsemi sína á tiltekinni sérstöðu þegar kemur að náms- og kennsluaðferðum sem og markmiðum og vinnu sem tengjast þroska barna og ungmenna. Í öllum tilvikum er starfsemi skólanna smá í sniðum og tækifæri til hagræðingar í ljósi stærðarhagkvæmni því afar takmörkuð. Í ljósi smæðar þeirra er í raun afar takmarkaðar líkur á að starfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla komi með einhverjum hætti niður á starfsemi skóla sem reknir eru af sveitarfélögum og þeim grunnmarkmiðum og kerfum sem starfsemi síðarnefndu skólanna grundvallast á. Tilvist sjálfstætt rekinna grunnskóla eykur hins vegar fjölbreytni í menntakerfinu og veitir foreldrum tækifæri til að velja grunnskóla sem helst henta börnum þeirra m.a. í ljósi mismunandi áherslna skólanna á nám og kennsluaðferðir. Skólastarfið byggist þannig á ólíkri hugmyndafræði. Sem dæmi má nefna skóla þar sem hefur verið boðið upp á einstaka jafnréttisnálgun sem tekið hefur verið eftir víða um heim, unglingskóla þar sem hefðbundið kennslurými er brotið upp og útfært þannig að það taki mið af ólíkum þörfum nemenda til athafna, með sérstaka

áherslu á hreysti, vellíðan og jafnvægi, ennfremur skóla sem byggja á Waldorf hugmyndafræðinni sem er þekkt um allan heim, og skóla sem starfar eftir aðferðafræði íslensk frumkvöðuls í lestrarfræðum. Allir þessir skólar innleiða nýjar áherslur og dæmi eru um að skólar á vegum sveitarfélaga hafi tekið upp í sínu skólastarfi.

Það er grundvallarforsenda fyrir rekstri allra grunnskóla að þeir hafi yfir nægilegu rekstrarfjármagni að ráða. Eins og almennt á við í atvinnurekstri vegur fastur kostnaður jafnan þyngra hjá smærri rekstrareiningum en stærri. Eins og framlögum sveitarfélaga til sjálfstætt rekinna skóla er háttað um þessar mundir þurfa skólarnir að reiða sig í ríkum mæli á að foreldrar skólabarna standi undir hluta rekstrarkostnaðar með greiðslu skólagjalda. Það gefur auga leið að minni skólar sem vinna frumkvöðlastarf og sinna nýsköpun í skólastarfi þurfa að takast á við hlutfallslega háan rekstrarkostnað. Há skólagjöld draga úr möguleikum foreldra til að velja þann skóla sem hentar barni þeirra best. Undir þeim kringumstæðum er staða foreldra ekki jöfn heldur alfarið háð efnahag sem skapar hættu á einsleitni í hópi skólabarna.

Í ljósi framangreinds er að mati SSSK afar mikilvægt að frumvarpið verði samþykkt.

F.h. SSSK – Samtaka sjálfstæðra skóla



Sara Dögg Svanhildardóttir

Formaður